



2. bekkur

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru **grunnþættir menntunar** eftirfarandi:

- læsi
- sjálfbærni
- heilbrigði og velferð
- lýðræði og mannréttindi
- jafnrétti
- sköpun

Leitast er við að tengja grunnþætti menntunar inn í nám og kennslu á sem fjölbreyttastan hátt. Hægt er að nálgast upplýsingar um hvern þátt fyrir sig á heimasíðu Lindaskóla: <http://lindaskoli.is/grunnthaettir-menntunar/>

Rík áhersla er lögð á **lykilhæfni** og er hún hluti af náminu. Nemendur þurfa því að huga að lykilhæfni í öllum námsgreinum. Það sem er metið eru vinnubrögð, virkni í hópastarfi, frumkvæði o.s.frv. Í aðalnámskrá grunnskóla er lykilhæfni skipt í fimm hluta:

- Tjáning og miðlun
- Skapandi og gagnrýnin hugsun
- Sjálfstæði og samvinna
- Nýting miðla og upplýsinga
- Ábyrgð og mat á eigin námi



Íslenska

Tímafjöldi á viku: 6-9 kennslustundir

Kennarar: Hanna Clara Minshull, Hildur Valdís Gísladóttir og Sólrún Dögg Magnúsdóttir

Námsefni

Ritrún 1 og 2, *Kolbrún Sigurðardóttir og Þóra Kristinsdóttir*, lestrarbækur við hæfi hvers og eins auk vinnubóka, ýmis verkefnahefti, kennsluforrit, Skrift 2, *Björgvin Jósteynsson, Kristbjörg Eðvaldsdóttir og Þórir Sigurðsson. Freyja Bergsveinsdóttir og Gunnlaugur SE Briem. Skrift, Skólaskrifstofa Hafnarfjarðar, Litla Lesrún, Anna Þóra Jónsdóttir, Kristjana Pálsdóttir, Lára Garðarsdóttir, Við lesum lestrarbók B og vinnubók, dagbók, ýmis ljóð og léttar krossgátur. Ýmislegt efni af 123skoli.is, fjolbreyttkennsla.is, skólavefnum og út fyrir bókina.*

Kennsluáferðir

Lestur, framsögn og málfræði, skrift/ritun/ljóð: Mikil áhersla er lögð á lestrarþjálfun. Lestur fyrir kennara einu sinni til tvisvar sinnum í viku, yndislestur, nestissögur (upplestur). Unnið með ákveðnar sögur og ljóð. Út frá því er unnið með hljóðvitund og orð. Vinnubókarvinna. Lestrarforrit í spjaldtölvum. Nemendur fara reglulega á skólasafn og fá bækur að láni. Nemendur lesa í para- og víxllestri. Nemendur skrifa eftir upplestri og texta til að þjálfa stafsetningu. Einnig er mikið unnið með hin ýmsu orð. Stafagerð er rifjuð upp og áhersla lögð á vandvirkni nemenda í vinnubrögðum. Í ritun verða viðfangsefnin m.a. að semja sögur, ljóð eða texta við eigin myndir og annarra og að skrifa í dagbók. Unnið er með bókstafi, hljóð, orð og málsgreinar.



Áætlun

Efniþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Talað mál, hlustun og áhorf: Tjáning Upplstur Hlustun Lestur og bókmenntir: Upplstur Yndislestur Heimalestur Bókasafn Upplýsingaöflun Ljóð Orðavinna Ritun: Dagbók Sögugerð Rétt stafagerð	<ul style="list-style-type: none">• þjálfist í framsögn• þjálfist í að hlusta á aðra• auki lestrarhraða sinn• þjálfist í lesskilningi svo hann geti lesið sér til gagns• eflir orðaforða sinn og málskilning• kynnist upplýsingaöflun á rafrænu formi• þjálfist í að taka bækur á bókasafni skólans• dragi rétt til stafs samkvæmt ítalskri leturgerð• æfist í að semja léttan texta• vinni með stafrófið• kynnist uppbyggingu málsgreina• viti muninn á sérnöfnum og samnöfnum• vinni með orð á ýmsan hátt• átti sig á mun sérhljóða og samhljóða• geri greinarmun á há- og lágstöfum• átti sig á einföldum og tvöföldum samhljóða

Námsmat

Hraðlestrarpróf verða lögð fyrir 3 sinnum yfir veturinn; í september, janúar og maí. Lesskimunarpróf og lesskilningspróf verða lögð fyrir nemendum í 2. bekk.

Tekið verður mið af ákveðnum verkefnum/könnunum eftir áramót.

Skriftarbókin er skoðuð reglulega til að meta framfarir. Einnig er vinnusemi, vandvirkni og samvinna nemenda metin yfir veturinn. Hæfni nemenda metin eftir hæfniviðmiðum.



Stærðfræði

Tímafjöldi á viku: 5 kennslustundir

Kennari: Hanna Clara Minshull, Hildur Valdís Gísladóttir og Sólrún Dögg Magnúsdóttir

Námsefni

Sproti 2a og b nemendabók og æfingahefti (að hluta); *Björnar Alseth, Henrik Kirkegaard, Mona Össeland, Þýðandi Hanna Kristín Stefánsdóttir. Stærðfræðispæjararnir 1 og 2; Bryndís Stefánsdóttir og Elín Margrét Kristinsdóttir. Í Undirdjúpunum (samlagning og frádráttur); Birna Hugrún Bjarnadóttir og María Ásmundsdóttir. Viltu reyna; Peter Bolderslev, Vagn Harbo, Viggo Hartz, Peter Olsen, Leif Örsted Pedersen, Ib Trankjæ; Þýðing og staðhæfing: Guðný Helga Gunnarsdóttir. Evolytes - Vinir í vanda; Guðbjörg Aðalsteinsdóttir. Ýmis kennsluforrit, spil og valin ljósrituð verkefni. Ýmis önnur verkefni af vefnum og sem kennarar útbúa.*

Kennsluaðferðir

Innlögn er í samræmi við efni í Sprotu og Stærðfræðispæjara. Nemendur vinna eftir kennsluáætlun í Sprotu nemendabók og Stærðfræðispæjara en frjálst í Sprotu æfingahefti og Viltu reyna. Auk þess er áhersla lögð á verklega vinnu; rannsóknir og hlutbundna vinnu. Kennsluefnið Evolytes er bæði vinnubókarvinna og spjaldtölvuvinna. Að auki fá nemendur tækifæri til að ræða um stærðfræði með því að útskýra vinnu sína og hlusta á aðra. Áhersla er lögð á einstaklingsmiðaða vinnu í bland við stöðvavinnu þar sem nemendur vinna saman. Ýmis kennslugögn eru notuð eins og talnagrindur, talnalínur, kubbar, kennslupeningar, reglustikur, málbönd, vasareiknar og fleira. Heimavinna er í stærðfræði aðra hvora viku og þá tengd þeim námsatriðum sem farið er í hverju sinni.



Áætlun

Efnisþætti	Námsviðmið Nemandinn:
Náttúrulegar tölur Tölutáknin 0 – 100 Sléttar- og oddatölur Sætisgildi Samlagning Frádráttur Víxlregla Talnalína >=< Mælingar Tölfræði Hnitakerfi Rúmfræði Mynstur Klukkan Þrautir	<ul style="list-style-type: none">• þjálfist í að nota stærðfræðihugtökin plús, mínus, jafnt og, stærri en, minna en, talnavini, sléttar/oddatölur, eining, tugur, hundrað og speglunarás• þjálfist í að leysa stærðfræðiþrautir og útskýra lausnarleiðir fyrir öðrum• þekki þríhyrning, ferning, ferhyrning, sexhyrning, tígul, sívalning, keilu og tening.• þjálfist í að nota hjálpargögn svo sem talnalínu, talnagrind, kubba, talnabönd, vasareikni, peninga, pinnabretti o.fl.• kunnir heilan og hálfan tíma á klukku• þjálfist í að nota mælieiningarnar cm, m, l og dl.• noti óstaðlaðar mælieiningar eins og fet eða skref við mælingar• kynnist hugtökunum flatarmál og ummál• geti fundið speglunarás og speglað og hliðrað einföldum myndum• kynnist ólíkum mynstrum, bæði talna og forma• finni sjálfir út hvaða aðferðir þeim finnst gott að nota• þjálfist í að lesa úr og setja upp einföld súlurit• þjálfist í að safna gögnum í umhverfi sínu og skrá

Námsmat

Skrifleg verkefni úr Sprotu í lok hvers kafla. Skriflegar kannanir úr Sprotu lagðar fyrir í janúar og maí.

Einnig er vinnusemi, vandvirkni og samvinna nemenda metin. Hæfni nemenda metin eftir hæfniviðmiðum.



Samfélagsfræði/náttúrufræði (samþætting)

Tímafjöldi á viku: 4 kennslustundir

Kennari: Hanna Clara Minshull, Hildur Valdís Gísladóttir og Sólrún Dögg Magnúsdóttir

Námsefni

Halló heimur 1 og 2, lestrar og vinnubók, *Jónella Sigurjónsdóttir*, *Unnur María Sólmundsdóttir*, Könnum kortin 1, *Katrín Ragnarsdóttir*, *Svala Ágústsdóttir*, Sögurammi um árstíðirnar, *Sigrún K. Ragnarsdóttir* og *Þóra Haraldsdóttir*. Komdu og skoðaðu hvað dýrin gera, *Sólrún Harðardóttir*, *Hrefna Sigurjónsdóttir*, *Anna Cynthia Leplar*. Komdu og skoðaðu umhverfið, *Gunnhildur Óskarsdóttir*. Sögurammi um risaeðlur.

Kennsluaðferðir

Umræður og verkefnavinna, bæði einstaklingsverkefni og í hópum. Samþætting á samfélagsfræði og náttúrufræði. Ásamt samþættingu við íslensku og myndmennt. Farið verður í ýmsar vettvangsferðir s.s. stuttar gönguferðir um nágrenni skólans og sveitaferð að vori.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Árstíðirnar (sögurammi) Ísland (náttúran og samfélag) Húsdýr Gróður Nærumhverfið Endurvinnsla Risaeðlur	<ul style="list-style-type: none">• efli með sér sjálfsvitund, samkennd og virðingu gagnvart sjálfum sér og öðrum í því samfélagi sem við búum í• átti sig á að fólk býr við ólík fjölskylduform og hefur ólíkan bakgrunn• temji sér umburðarlyndi í samskiptum við aðra og geri sér grein fyrir því að engir tveir eru eins• þekki reglur skólans og leggi sig fram við að fara eftir þeim• þekki árstíðirnar og átti sig á mun á árstíðum eftir staðsetningu landa• kynnist landi og þjóð og geri sér grein fyrir að Ísland er hluti af samfélagi þjóðanna• geti nýtt sér landakort við upplýsingaöflun• geti notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga• geri sér grein fyrir tengslum manns og náttúru• þekki helstu húsdýr á Íslandi



- | | |
|--|--|
| | <ul style="list-style-type: none">• geti notað ólíkar heimildir við öflun upplýsinga• kynnist náttúrunni í gegnum tilraunir og athuganir• fræðist um risaeðlur |
|--|--|

Námsmat

Símat allan veturinn; horft verður til vinnubragða og vandvirkni. Einnig hæfni nemenda til að vinna saman í hópum. Hæfni metin eftir hæfniviðmiðum.



Íþróttir og sund

Tímafjöldi á viku: 3 kennslustundir (3. tíminn tekinn í Kveikjum neistann)

Kennari: Haukur Már Ólafsson, Lilja Íris Gunnarsdóttir, Sólrún Dögg Magnúsdóttir og Vilhelmína Þór Óskarsdóttir

Kennsluaðferðir

Íþróttá- og sundkennslan byggist á að efla líkams- og félagsþroska barna. Hreyfiþörf barna er mikil og í íþróttá- og sundtímum fá þau útrás fyrir hreyfiþörf, tjáningu og sköpun. Eitt aðalmarkmið íþróttá- og sundkennslu er að auka þol, kraft, snerpu og liðleika og verður það gert með almennri hreyfiþjálfun með áherslu á leiki, stöðvaþjálfun, hringþjálfun og hreyfitjáningu með dansi. Kynning verður á knattleikjum. Hreinlæti er nauðsynlegur þáttur í íþróttum og sundi þar sem farið er yfir mikilvægi þess. Mælt er með því að nemendur fari í sturtu eftir hvern tíma en það er ekki skylda.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Íþróttir: Barnaleikir Grunnþjálfun Fimleikar Frjálsíþróttir Knattleikir Badminton Dans Útikennsla	<ul style="list-style-type: none">• efla líkams- og félagsþroska.• auki þol, kraft, snerpu og liðleika.• efla tjáningu og sköpun.
Sund: Ganga, hoppa, hlaupa, stökkva, kasta, grípa og snerta Öndunaræfingar Kafa, fljóta á kvið og baki, rennsli á kvið og baki	<ul style="list-style-type: none">• geti gert marglyttuflot og rétt úr sér og flotið• geti sett andlit í kaf, spyrnt frá bakka og látið sig renna• geti hoppað af bakka• geti synt 10 metra bringusund með eða án hjálpartækja• geti synt 10 metra skólabaksund með eða án hjálpartækja



<p>Skólabaksund og bringusund og bak- og skriðsundsfætur Leikir sem stuðla að því að venjast vatninu og að nemendum líði vel í því Flugsundsfætur</p>	<ul style="list-style-type: none">• geti synt 8 metra skriðsundsfótatök, armar teygðir fram, með eða án hjálpartækja
---	--

Námsmat

Íþróttir: Námsmat í færni: Liðleiki, kraftur, hraði, samhæfing og þol.

Sund: Námsmat í færni: Tæknisund og vatnsaðlögun.

Námsmat í íþróttum og sundi byggist á símati kennara allan veturinn: Hegðun, virkni, íþróttaföt og mæting.

Unnið er eftir hæfniviðmiðum aðalnámskráar og gefin er sér lokaeinkunn í íþróttum og sundi í bókstöfum að vori.



Upplýsingatækni (sambætt við aðrar námsgreinar, ástríðutími)

Tímafjöldi á viku: Sambætt við aðrar námsgreinar, og ítarlegri þjálfun í ástríðutímum.

Kennari: Hanna Clara Minshull, Hildur Valdís Gísladóttir og Sólrún Dögg Magnúsdóttir

Námsefni

Myndvinnsluforrit, frjáls hugbúnaður, öpp, netið, jaðartæki og fleiri forrit sem henta nemanda hverju sinni.

Kennsluaðferðir

Sýnikennsla, verklegar æfingar, sjálfstæð vinnubrögð og samvinna. Nemendur læra að nota mismunandi forrit og skila niðurstöðum með miðlum upplýsingatækninnar. Nemendur læra að nýta hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt, sem eykur rökhugsun, sköpun og skilning á hvernig hugsun er spegluð yfir á tæknina. Nemendur eru virkir þátttakendur í vali verkefna þar sem reynir á nýsköpun og hugmyndaflug.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið. Nemandinn:
Vinnulag og vinnubrögð Upplýsingaöflun og úrvinnsla Tækni og búnaður Sköpun og miðlun Siðferði og öryggismál	<ul style="list-style-type: none">• sýni frumkvæði og tekið þátt í samvinnuverkefnum undir leiðsögn• geri sér grein fyrir ólíkum aðferðum við notkun á ýmsum tæknibúnaði• nýti rafrænt og gagnvirkt námsefni• nýti upplýsingatækni og forrit við uppbyggingu einfaldra verkefna• geti notað einfaldan hugbúnað• geti notað hugbúnað/forrit við miðlun þekkingar á einfaldan hátt• geti farið eftir einföldum reglum um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um siðferðislegt gildi þeirra



Námsmat

Í upplýsinga- og tæknimennt er lögð áhersla á þverfaglega samvinnu við önnur námssvið. Þegar um samþætt nám er að ræða er mikilvægt að allir, sem koma að kennslunni, sinni námsmati en umsjónar- eða faggreinakennari tekur þó meginábyrgð á því.

Námsmat er alhliða og nær til allra færniþátta, endurspeglar hæfniviðmið og viðfangsefni. Metin er hæfni nemandans til að afla upplýsinga, ígrundunar, sjálfstæðis í vinnubrögðum og ábyrgðar á eigin námsframvindu. Nemandi fær leiðsögn alls þess fagfólks, sem að kennslunni kemur. Þeir sem að kennslu hans koma gefa umsögn um stöðu nemandans við að ná markmiðum sínum innan námsgreinarinnar og hæfni á sviði upplýsinga- og tæknimenntar.

Útinám (samþætt við aðrar námsgreinar, hreyfing að morgni og ástríðutímar)

Tímafjöldi á viku: Allt að þrjár stundir á viku að morgni til, tilfallandi sem hluti af samþættu námi.

Kennari: Hanna Clara Minshull, Hildur Valdís Gísladóttir og Sólrún Dögg Magnúsdóttir

Námsefni

Könnum kortin 1, *Katrín Ragnarsdóttir*, *Svala Ágústsdóttir* og efni af vefnum

Kennsluaðferðir

Almenn útivera og verkefni tengd útvíst í nágrenninu.

Myndmennt

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku hálfan veturinn.

Kennari: Ragnhildur Róbertsdóttir

Námsefni

Notað er efni frá kennara. Einnig valdir kaflar úr bókunum Myndmennt 1 og 2, höfundar *Anna Cynthia Leplar*, *Katrín Briem*, *Margrét Friðbergsdóttir* og *Sólveig Helga Jónsdóttir*. Ásamt þessu eru notaðar ýmsar listaverkabækur, netsíður, barna- og fræðibækur við vinnu nemenda.

Á haustönn er unnið almanak með blandaðri tækni, sem tengist og samþættist við námsefni sem nemendur vinna í samfélagsfræði.



Kennsluaðferðir

Í einni kennslustund eru notaðar ýmsar kennsluaðferðir. Við innlögð verkefna er notast við útlitunarkennslu og einnig umræður og spurnaraðferð. Þegar kemur að verklegum æfingum er notast við leitaraðferð við hugmyndavinnu en einnig notuð bein kennsla með áherslur á að virkja skapandi hugsun og sjálfstæð vinnubrögð.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Sköpun	• geti unnið með línur, form og liti
Litafræði	• geti búið til mynstur með náttúruna sem kveikju
Formfræði	• geti notað umhverfið í myndsköpun
Myndbygging	• geti skapað rými í myndverk
Myndverk	• geti byggt upp myndir með for- og bakgrunn
Tjáning	• geti unnið með stærðir og hlutföll í myndsköpun
Tilfinningar	• geti búið til tvívíða og þrívíða hluti
Skoðanir	• geti notað hugtök í samræðum um myndgerð
Hugmyndaheimur	• geti komið hugmyndum sínum í mynd
Vinnuferli	• geti fjalla um eigin verk og annarra
Hugmynd	
Kveikja	
Hugtök	
Aðferðir	
Samtal	
Myndmál	
Umhverfi	
Tilgangur	

Námsmat

Símat allt námstímabilið. Lokamat byggir á hvernig nemandinn fylgir fyrirmælum, hvernig færni hans og leikni er, hvort hann sýni áhuga á náminu og vinnusemi í tímum. Verkefni nemenda eru metin hvort þau séu vel unnin, vel útfærð, frumleg og metnaðarfull.



Hönnun og smíði

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku, hálf tónaárið.

Kennari: Davíð Ketilsson

Námsefni

Verkefna og hugmyndablöð, fagbækur, handverkfæri, mælitæki, smíðaeefni og efni til yfirborðsmeðhöndlunar.

Kennsluaðferðir

Stuttar innlagnir fyrir hóp eða einstakling, sýnikennsla. Kennslan er einstaklingsmiðuð.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hönnun Tré Plast Handverkfæri Efnisnýting Meðferð yfirborðsefna Umhengni	<ul style="list-style-type: none">• geti dregið upp einfalda mynd af smíðisgrip og unnið eftir henni• þekki grunnformin ferhyrning, þríhyrning og hring• þekki helstu smíðaeefni og verkfæri sem unnið er með• geti notað verkfærin hamar, sög, rasp-þjöl-sandpappír, brennipenna og rafhlöðuborvél• geti notað einfaldar gerðir samsetninga s.s. lím og nagla• geti unnið með vatnsleysanlega liti• verði meðvitaður um efnisnýtingu• læri rétta líkamsbeitingu og notkun hlífðarbúnaðar við vinnu• geti sýnt vinnufélögum tillitsemi og sé meðvitaður um góða umhengni

Námsmat

Símat með áherslu á: Hugmynd og hönnun, iðni og afköst, umhengni og hegðun, verkfærni og vandvirkni. Gefið er í bókstöfum.



Heimilisfræði

Tímafjöldi á viku: 2 kennslustundir á viku, hálf t. skólaárið.

Kennari: Erla Sigurbjartsdóttir

Námsefni

Heimilisfræði 2. Höfundar: Jóhanna Höskuldsdóttir og Ólöf Jónsdóttir.

Kennsluaðferðir

Kennari útskýrir fyrir nemendum í upphafi tímans verkefni dagsins. Nemendum er síðan skipt í hópa þar sem þeir vinna saman 2 – 4 í hóp, kennari gengur á milli hópa og aðstoðar og útskýrir eftir þörfum.

Einnig unnið í vinnubók.

Áætlun

Efnisþættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hvað er heilbrigður lífsstíll Fæðuhringurinn Hreinlæti Almenn þrif Örverur Læsi á uppskriftir Áhöld og mælitæki Vinnubrögð/leikni Öryggisatriði í eldhúsi og slyshættur Samvinna Leiðir til sparnaðar Flokkun Borðhald Matarmenning	<ul style="list-style-type: none">• læri að jafnvægi sé á milli svefnis, hreyfingar og mataræðis. Að velja heilbrigðan lífsstíll• læri um 6 flokka fæðuhringisins sem eru kjöt/fiskur, grænmeti, ávextir, kornflokkur, mjólkurflokkur og fituflokkur• læri hvers vegna hreinlæti er nauðsynlegt• læri að handþvottur sé nauðsynlegur áður en byrjað er að vinna í eldhúsi• læri rétt vinnubrögð við uppvas, viti muninn á tusku og viskastykki og læri að brjóta saman þvott• læri að ganga frá eftir sig eftir vinnu í eldhúsi• læri um örverur, skaðsemi þeirra og gagnsemi• læri að fara vel með hráefni og nýtingu þess• þjálfist í að lesa uppskriftir• þjálfist í að nota og þekkja helstu mælitæki og áhöld sem notuð eru• þjálfist í að þekkja helstu hráefni sem notuð eru• læri góð vinnubrögð og þjálfist í að vinna sjálfstætt• þjálfist í að skera, saxa, flysja, sjóða, steikja, vigta, hnoða og fletja út



	<ul style="list-style-type: none">• læri um helstu hættur á heimilum og hvernig koma má í veg fyrir slys með því að læra á ofna, helluborð, rafmagnstæki og þeim áhöldum sem notuð eru við eldhússtörf• læri að góð samvinna er mikilvæg, bæði í kennslustofu sem inni á heimili• læri um hagsýni til að spara, bæði orkusparnað sem og nýtingu matvæla• þjálfist í að flokka sorp á heimilum og í kennslustofu• Nemendur þjálfist í að leggja á borð, noti hnífapör rétt, temji sér kurteisi, tillitsemi og góða borðsiði• læri um helstu hátíðir íslendinga sbr. jól, páska, afmæli og aðra hátíðisdaga• fræðist um þjóðlegan mat og hvernig matarmenning íslendinga var áður fyrr og hvernig hún er í dag
--	--

Námsmat

Símat allan veturinn þar sem metnir verða þættirnir: Vinnubrögð/leikni nemanda, samvinna nemanda við aðra, sjálfstæði í vinnubrögðum, framkoma og hegðun, frágangur og þrif, verkefnabók metin.



Tónmennt

Tímafjöldi á viku: 1 kennslustund

Kennari: Sophia Luise Kistenmacher

Námsefni

Tóndæmi, glærur og námsefni á vef.

Skólahljóðfæri.

Valin dæmi og verkefni úr bókum:

-Ólafur Schram og Skúli Gestsson (2017). *Tónlist og líkaminn*. Kópavogur: Menntamálastofnun.

-Pétur Hafþór Jónsson og Þórdís Sævarsdóttir (2015). *Tónlist og umhverfi*. Kópavogur:

Menntamálastofnun.

-Rannveig Björk Þorkelsdóttir (2009). *Hljóðleikhúsið. Búum til sögu - Hlustum á sögu* Kópavogur:

Menntamálastofnun.

Pétur og úlfurinn (bók, geisladiskur, spil „*Gaman saman með Pétri og úlfinum*“)

Kennsluaðferðir

Notast verður við stutt innlagn með útlitunar- og sýnikennslu og hlustunarefni. Áhersla verður lögð á verklegar æfingar, samræður, hópvinna og tjáning í gegnum tónlist og hreyfingu.

Áætlun

Efnispættir	Námsviðmið Nemandinn:
Hlustun Sköpun Tjáning Flutningur	<ul style="list-style-type: none">• þekki hljóðfæri og hljóðblæ í tónsköpun og hlustun,• geti tekið þátt í að skapa og flytja einfalt tónverk/hljóðverk og skráð það á einfaldan hátt• geti greint ólíkir raddir og beitt rödd sinni sem hljóðfæri í samsöng og spuna• geti leikið einfalda rytma eða þrástef á slagverkshljóðfæri og önnur skólahljóðfæri• Geti rætt um eigin tónlist og annarra út frá smekk og upplifun.



Námsmat

Símat og endurgjöf fyrir þátttöku í tímum, samvinnu og frumkvæði í verkefnum og vinnubrögð. Einstök stærri verkefni eru metin sér.